

6. FUNDARGERÐ STJÓRNAR HUNDARÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS STARFSÁRIÐ 2016-2017

Laugardaginn 24. september kl. 11.00 var haldinn 6. fundur stjórnar Hundaræktarfélags Íslands. Fundurinn var haldinn á skrifstofu félagsins að Síðumúla 15 í Reykjavík. Stjórn kom saman á þessum laugardegi til að ræða starfsmannamál.

Mætt voru: Herdís Hallmarsdóttir formaður, Daníel Hinriksson varaformaður, Þorsteinn Thorsteinson gjaldkeri, Auður Sif Sigurgeirsdóttir ritari og Pétur Alan Guðmundsson meðstjórnandi.

Auður Sif Sigurgeirsdóttir ritaði fundinn.

Lögð var fram fundargerð 5. fundar og var hún samþykkt og staðfest með undirritun fundarmanna þess fundar.

Framkvæmdastjóri félagsins hefur hingað til samkvæmt ráðningasamningi sínum annast starfsmannahald. Stjórn hefur ákveðið að þegar eftirmaður framkvæmdastjóra verður ráðinn mun stjórn sjá um ráðningar og uppsagnir til samræmis við ákvæði e. liðar 11. gr. laga félagsins en þar segir:

„11. Stjórn HRFÍ fer með málefni félagsins milli félagsfunda. Stjórn skal auk þess sem kveðið er á um í lögum þessum:

- a) Undirbúa mál sem félagsfundur fjallar um.
- b) Taka til meðferðar ályktanir félagsfunda.
- c) Bera ábyrgð á fjárreiðum og öðrum eigum HRFÍ.
- d) Skila ársreikningum HRFÍ til endurskoðenda fyrir lok janúar ár hvert.
- e) **Sjá um ráðningar og uppsagnir starfsfólks, ákveða laun og önnur kjör, taka saman starfslýsingar og leiðbeiningar fyrir starfsfólk og hafa tilsjón með starfi þess.**
- f) Setja reglugerðir um starfsemi félagsins.
- g) Skipa í fastanefndir á fyrsta fundi eftir aðalfund og setja þeim starfsreglur. “

Að því tilefni og í ljósi starfsloka framkvæmdastjóra var kallað eftir yfirliti um launakjör og ótekið orlof starfsmanna. Frá og með næstu mánaðamótum verða þeir starfsmenn í fullu starfi hjá félaginu auk starfsmanns sem færir bókhald í hlutastarfi. Hlutastarfsmaður sem ráðinn var í sumarafleysingar hættir um næstu mánaðamót. Staðgengill starfsmanns í fæðingarorlofi var ráðinn tímabundið til 10 mánaða, samkvæmt auglýsingu birtri 8. apríl 2016. Hún er nú í fullu starfi. Stjórn hafði rætt við starfsmann í fæðingarorlofi sem kveðst reiðubúin að koma aftur í sitt gamla starf. Stjórn mun á næstunni halda fundi með starfsmönnum.

Þá var talað um ótekið orlof starfsmanna og vekur athygli skortur á utanumhaldi og jafnframt að fráfarandi framkvæmdastjóri eigi ótekið orlof þetta árið þrátt fyrir að orlofstímabilið hafi samkvæmt kjarasamningum VR verið frá 2. maí til 15. september s.l. Stjórn mun í framtíðinni skoða lokanir á sumartíma innan orlofstímabils 2017 m.a. til að ráða bót á þessu. Þá mun unnið að því að taka í gagnið almennt skráningakerfi á viðverutíma starfsmanna.

Stjórn mun á næstunni ganga frá starfslokasamningi við Fríði og eins taka viðtöl við starfsmenn hjá félaginu. Í framhaldinu verða starfslýsingar starfsmanna endurskoðaðar og uppfærðar.

Stjórn leitaði eftir tilboðum hjá fjórum ráðningastofum og bárust tilboð frá þremur; Ráðum, Capacent og Hagvangi. Hagvangur gerði lágsta tilboðið sem var tekið. Mun Sverrir Briem hjá Hagvangi sjá um ráðningu nýs verkefnastjóra.

Fundi slitið kl. 15.00. Næsti fundur ákveðinn 6. október kl. 18.00.

Auður Sif Sigurgeirsdóttir, Daníel Hinriksson, Herdís Hallmarsdóttir, Pétur Alan Guðmundsson og Þorsteinn Thorsteinson.